



Sveitarstjórn Langanesbyggðar
Langanesvegi 2
680 Þórshöfn

Dagsetning **22. október 2024**
Málsnúmer IRN24010001

Til áréttingar vegna bréfs EFS til sveitarfélagsins dags. 1 október sl.

Árlega yfirfer nefndin ársreikninga sveitarfélaga og metur m.a. gagnvart fjárhagslegum mælikvörðum sem nefndin hefur sett sér. Þegar sveitarfélag fellur utan viðmiðunar einhvers þessara mælikvarða hefur nefndin sent sveitarstjórn bréf til upplýsingar. Í kjölfar heimsfaraldurs Covid voru fjármálareglur sveitarstjórnarlaga aftengdar út árið 2025. Bæði af þeim sökum, sem og eðli þess almenna verklags að senda öllum sveitarfélögum bréf sem uppfylla ekki öll viðmið, fela þessi bréf nefndarinnar ein og sér ekki í sér inngrip af hálfu nefndarinnar.

Vegna fyrirspurna um eitt þeirra viðmiða sem kom fram í bréfi nefndarinnar, þess að skuldahlutfall A-hluta sé undir 100%, vill nefndin koma eftirfarandi á framfæri: Í lögfestum en tímabundið óvirkum fjármálareglum sveitarstjórnarlaga, það er jafnvægis- og skuldareglu, er í báðum tilvikum horft til A- og B-hluta saman. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að meðal annarra viðmiðana sem nefndin horfir til sé byggt á upplýsingum um fjárhagsstöðu A-hluta sérstaklega þar sem hann er rekinn fyrir skattfé. Áform nefndarinnar eru því að leggja frekari áherslu á mælikvarða tengda A hluta og kynnti nefndin því samhliða öðrum ábendingum niðurstöðu áður nefnds viðmiðs.

Það er mat nefndarinnar að æskilegt sé að sveitarfélög setji sér markmið um skuldahlutfall A-hluta til að hafa svigrúm til að takast á við óvænta atburði. Það er í eðli kennitölnunnar að viðmið vegna hennar geta verið breytileg eftir sveitarfélögum og var viðmiðið sett fram sem ábending án þess að það fæli í sér athugasemdir af hálfu nefndarinnar. Skýring vegna þessa kom fram í ársskýrslu nefndarinnar en ekki í bréfinu sjálfu og er það áréttað hér með.

F.h. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Þórir Ólafsson, formaður

Árni Sverrir Hafsteinsson